

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 30. júní 1995

um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum

(Texti sem varðar EES)

(95/270/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðis-
eftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 3. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í ákvörðun 94/360/EB⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/54/EB⁽³⁾, samþykkti framkvæmdastjórnin ráðstafanir um lækun á tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum. Lægri tíðnin skal gilda frá 1. júlí 1995, að lokinni endurskoðun tíðninnar á grundvelli niðurstaðna úr öllu eftirliti með innfluttum afurðasendingum.

Nauðsynlegt er að gera frekari ráðstafanir til að samhæfa innflutningsskilyrði vegna innfluttra afurða.

Þörf er fyrir meiri reynslu í aðildarríkjunum af eftirliti með afurðasendingum til að unnt sé að endurskoða tíðnina eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr. Þess vegna ber að fresta því að lægri tíðni verði beitt til 1. febrúar 1995.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB er breytt sem hér segir:

- í stað dagsetningarinnar „1. maí 1995“ í 1. mgr. 3. gr. komi „1. desember 1995“,
- í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1995“ í 3. mgr. 3. gr. komi „1. febrúar 1996“,
- í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1995“ í 7. gr. komi „1. febrúar 1996“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 158, 25. 6. 1994, bls. 41.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 53, 9. 3. 1995, bls. 36.